



23. árgangur 10. tbl. október 2024

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir  
Á.b.m: Asta Stefánsdóttir

## Haust



### Vilt þú kynna landið þitt og menningu á Fjölmenningshátíðinni í Uppsveitum?

Við leitum að fólki sem hefur áhuga á að kynna menningu síns lands á fjölmenningshátíðinni sem fer fram 3. nóvember 2024 í Aratungu í Reykholti. Hvort sem þú vilt kynna matargerð, tónlist, list eða hefðir landsins þíns, þá er þetta tækifærið til að láta ljós þitt skína! Hafðu samband með því að senda e-mail á [lina@sveitir.is](mailto:lina@sveitir.is) ef þú hefur áhuga á að taka þátt.

### Multicultural Festival in Uppsveitir – November 3, 2024

#### Would you like to showcase your country and culture at the Multicultural Festival in Uppsveitir?

Call for Participants to Showcase Their Culture:

We are looking for people who are interested in sharing their culture at the festival, which will be held on November 3, 2024, in Aratunga in Reykholti. Whether you want to present your cuisine, music, art, or traditions, this is your opportunity to shine! Don't hesitate to contact us if you are interested in participating. [lina@sveitir.is](mailto:lina@sveitir.is)



## Oddvitapistill

Sunnudaginn, 3. nóvember nk., verður haldin fjölmeningarhátíð í Aratungu. Á hátíðinni verður hægt að kynna og upplifa fjölbreytta menningu frá ýmsum löndum en þá munu íbúar sem búa í okkar samfélagi kynna sína menningu með ýmsum hætti. Á hátíðinni verða kynningarbásar þar sem gestir geta fræðst um hin ýmsu lönd, kynnt ólíkum menningararfi og hægt verður að smakka mat og drykk frá ýmsum heimshornum. Á hátíðinni verða básar þar sem gestir geta fengið upplýsingar um afþreyingu og kynningu frá félagasamtökum í Uppsveitum. Ég hvet ykkur öll til að koma í Aratungu og taka þátt í fjölmeningarhátíðinni og kynna ólíkum menningararfi.

Jónas Yngvi Ásgrímsson, íbúi í Brautarholti á Skeiðum, hefur farið af stað með hlaðvarp sem heitir Uppsveitakastið. Í þessu Uppsveitakasti ræðir Jónas um málefni Uppsveitanna og fær til sín gesti sem búa eða starfa í Uppsveitum til að ræða málefni svæðisins. Hugmyndin hjá Jónasi er m.a. að kynna félagasamtök, fyrirtæki og sveitarfélögin í Uppsveitum. Þið sem áhuga hafið á Uppsveitum ættuð að fylgjast með þessu hlaðvarpi en hægt er að hlusta á það á helstu streymisveitum.

Ég vil vekja athygli ykkar sem áhuga hafið á skipulagsmálum á Skipulagsgáttinni. Skipulagsgáttin er samráðsgátt um skipulagsmál, mat á umhverfisáhrifum og framkvæmdaleyfum. Á Skipulagsgáttinni er hægt að finna upplýsingar um mál í vinnslu, gert athugasemdir við mál á kynningartíma og nálgast gögn og afgreiðslur einstakra mála. Slóðin á gáttina er [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is).

Haustin eru tími mikilla funda þar sem m.a. er verið að leggja línurnar og ákveða fjárhagsáætlun komandi árs en Bláskógabyggð er aðili að fjölda byggðasamlaga og samstarfsverkefna. Þá er líka á haustin fjöldi ráðstefna og málþinga sem mikilvægt er að taka þátt í, má þar t.d. nefna fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, skipulagsdaginn, orkufund svo fátt eitt sé nefnt. Allir þessir fundir og ráðstefnur tengjast að mestu leyti fjárhagsáætlavinnunni sem er í fullum gangi þessa dagana.

Með kveðju,

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

## Ökukennsla

B-réttindi , kerrupróf og akstursmat

María Carmen Magnúsdóttir Laugarvatni

Sími 895 1978 Tölvupóstfang [emmcemm@gmail.com](mailto:emmcemm@gmail.com)

### Garðahönnun og ráðgjöf

Vantar þig aðstoð með útfærslur í garðinum þínum? Kannski get ég komið og aðstoðað. Hef góða þekkingu á plöntum og eiginleikum þeirra. Möguleiki er að fá teiknað á staðnum. Ég er garðyrkjufræðingur og landslagsarkitekt B.Sc. að mennt og fær teiknari. Hlakka til að heyra frá ykkur og veita góð ráð.



Endilega hafið samband. **Ellisif M. Bjarnadóttir**  
s:865-4393 eða netfang [ellisifmb@gmail.com](mailto:ellisifmb@gmail.com).

### Grastorf til sölu.

Afhendist á Hjálmsstöðum í rúllum sem eru 10 - 20 fm að stærð. Verð 650 kr. fm. + vsk.

Daníel Pálsson, 868-3037, Hjálmsstöðum

# M! MERKILEGT! SKILTAGERÐ

- Alhliða skiltagerð
- Hönnun og ráðgjöf
- Merkingar á fasteignir
- Bílamerkingar
- Gluggamerkingar
- Merkingar á fatnað ýmiskonar
- Límmiðaprentun

**Merkilegt! · Útey 2 · Sími 791 4664**

## Bókasafn Reykholtsskóla

Bókasafnið í Reykholtsskóla  
Opíð er fyrir almenning á þriðjudögum kl. 17-19.  
Fyrir þá sem ekki komast á opnunartíma er velkomið að kíkja  
við á skólatíma.



## Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í nóvember 2024. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir 1. nóvember 2024. Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar í síma 480-3000



Getraunanúmer UMF. Bisk. er **803**

Styðjum okkar félag þegar við tökum þátt í getraunum.



HEILBRIGÐISSTOFNUN  
SUÐURLANDS

**Heilsugæslustöðin Laugarási er opin frá kl. 8.00 – 15.00 alla virka daga.  
Tímamantanir og bókun í símaviðtal er í síma 432 2770.**

**Blóðprufur eru teknar mánudaga - fimmtudaga.**

**Athugið að bóka þarf tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni þarf að liggja fyrir.**

**Lyfjaendurnýjun er á [heilsuvera.is](http://heilsuvera.is)**



Kæru íbúar Bláskógabyggðar ég hef opnað Fótaaðgerðastofu í Miðfell 2a Hrunamannhrepp. Er með opið virka daga frá 8-16 eða eftir samkomulagi. Tímarpantanir í síma 8676580

Hlakka til að sjá ykkur

Kær kveðja Adda Sigga löggildur fótaaðgerðafræðingur



## Bláskógabyggð

### Opnunartími gámastöðvanna

	Heiðarbær	Lindarskógar	Vegholt
Mánudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Þriðjudagur	10:00 - 12:00	Lokað	14:00 - 17:00
Miðvikudagur	Lokað	10:00 - 13:00	14:00 - 17:00
Fimmtudagur	14:00 - 16:00	10:00 - 13:00	Lokað
Föstudagur	Lokað	14:00 - 17:00	10:00 - 13:00
Laugardagur	10:00 - 12:00	13:00 - 15:00	16:00 - 18:00
Sunnudagur	Lokað	Lokað	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir. Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladað - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum þremur gámastöðvunum.

## Íþróttamiðstöðin í Reykholti

Vetraropnun - Sundlaug og líkamsrækt

12.ágúst – 25.maí s: 4803040



Mán og Mið kl. 14 – 20/ rækt frá kl.10

Þri og Fim kl. 14 – 22/ rækt frá kl.10

Fös kl. 13 – 17/ rækt frá kl.10

Lau kl. 10 – 18 |

Verið velkomin 😊

## The Sport Center in Reykholt

Winter Opening hours – Swimming pool and gym

August 12th – May 25th tel: 4803040

Mondays and Wednesdays 14-20

Tuesdays and Thursdays 14 – 22

Fridays 13-17

Saturdays 10-18

Gym always opens at 10!





Hægt er að hafa samband við hjálparsíma Rauða Krossins í síma 1717 eða nota netspjallið vegna alls þess sem þér liggur á hjarta. Þar má fá sálrænan stuðning, ráðgjöf, hlustun og upplýsingar um þau úrræði sem í boði eru í íslensku samfélagi



## Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjaþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Ágúst: 868-5565 Netfang: [vidhald.drattur@gmail.com](mailto:vidhald.drattur@gmail.com)

Hrosshagi - 806

Hólabúðinni Laugardalshólum erum við með nauta- og lambakjöt, saltað hrossakjöt, hrossabjúgu, ferskt grænmeti ásamt ýmsum hannyrðum til sölu. Verið hjartanlega velkomin.

Erum á facebook undir Laugardalshólar.

## HÓLABÚÐIN

Opnunartími verslunar er

Mán-miðvikudag	Lokað
fimmtudag	13-17
Föstudag	13-18
Laugardag	12-17
Sunnudag	Lokað



Það er velkomið að hringja til kl 18 í síma 8931281/8948081 ef komið er á lokunartíma.

**Íþróttahús og Sundlaug Bláskógabyggðar**  
Sports center and swimming pool of Bláskógabyggð  
Laugarvatn  
Tel: 480 3041

## Opnunartímar Opening hours

### Sundlaug - Swimming pool

Mon-Thu:

13:00 - 21:00

Friday, Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

### Rækt-Gym

Mon-Thu:

10:00 - 22:00


Friday:

10:00 - 18:00

Saturday & Sunday:

13:00 - 18:00

Velkomin á Laugarvatn







# Megum við húa í þig?

Við hjá Landsvirkjun viljum komast í samband við minni fyrirtæki, einyrkja eða einstaklinga sem gætu tekið að sér ýmis verkefni með skömmum fyrirvara á athafnasvæðum okkar á Suðurlandi.

[Skráðu þig á lista yfir verktaka sem við skoðum þegar verkefni bjóðast!](#)

**Allar upplýsingar og skráning á**  
[landsvirkjun.is/verktakar-oskast](http://landsvirkjun.is/verktakar-oskast)

**Raggi. ehf**

**Hópbílar í heimabyggð**

**Tek að mér allar tegundir hópferða.**

**Er með 52 til 69 sæta bíla.**

**Endilega hafið samband. 895 8134**

**[raggi.ehf@gmail.com](mailto:raggi.ehf@gmail.com)**

**Bláskógabyggð er á Instagram**



**[blaskogabyggd](https://www.instagram.com/blaskogabyggd)**

## **Leiguíbúð fyrir aldraða**

Laus er til umsóknar leiguíbúð fyrir aldraða í Reykholti. Um er að ræða 55 fermetra íbúð í Kistuholti.

Um úthlutun íbúðarinnar gilda reglur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um félagslegt leiguhúsnæði.

Reglurnar eru aðgengilegar á vef Skóla- og velferðarþjónustunnar, [www.arnesthing.is](http://www.arnesthing.is).

Umsókn skal senda á netfangið [blaskogabyggd@blaskogabyggd.is](mailto:blaskogabyggd@blaskogabyggd.is) eða skila henni á skrifstofu Bláskógabyggðar í Aratungu.

Umsóknarfrestur er til 25. október n.k.

Lukkunúmer UMF. Laugdæla er **840** hjá Íslenskri getpá

Kær kveðja frá Ungmennafélagi Laugdæla